

# Fundargerð 38. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2020, þriðjudaginn 14. janúar kl. 12:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Dagbjört og Gauti tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Gestir frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun undir lið 1 voru Hermann Jónasson, forstjóri, og Sigrún Ásta Magnúsdóttir, forstöðumaður.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA

Lögð fram sem trúnaðarmál stöðuskýrsla um innleiðingu tillagna átakshóps um húsnæðismál frá árinu 2019, ásamt glærum frá verkefnisstjórn átakshópsins frá apríl 2019. Hermann Jónasson og Sigrún Ásta Magnúsdóttir fóru yfir stöðu verkefna og áframhaldandi vinnu við innleiðingu tillagna átakshópsins og svöruðu spurningum fundarmanna. Einnig var stutt kynning á Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og hugmyndafræði hennar á fyrstu starfsárum stofnunarinnar og áherslum um samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin almennt.

*Ákveðið var að hafa frekari yfirferð um stöðu verkefna sem lúta að einföldun lagaumhverfis skipulags- og byggingar á næsta fundi skipulagsmálanefndar.*

Tryggvi Þórhallsson vék af fundinum.

### 2. Drög að reglugerð um Fiskeldissjóð - óskað umsagnar - 2001025SA

Lögð fram til kynningar og umræðu umsögn sambandsins um drög að reglugerð um Fiskeldissjóð, dags. 8. janúar 2020. Í umsögninni er ítrekuð andstaða við fyrirkomulag Fiskeldissjóðs þar sem gjaldtaka af fiskeldi rennur til ríkissjóðs en ekki beint til sveitarfélaga er standa þurfa undir innviðauppbyggingu vegna starfsemi fiskeldis. Í ljósi þess að Alþingi valdi þessa leið er nauðsynlegt að skýrar komi fram hvaða verkefni eru styrkhæf og að reglugerðin taki mið af þörfum sveitarfélaga er hafa að geyma fiskeldi innan sinna marka.

*Sambandið og Samtök sjávarútvegssveitarfélaga hafa óskað eftir fundi með ráðuneytinu um málið og verður greint frá niðurstöðum þess fundar á næsta fundi skipulagsmálanefndar.*

Gauti Jóhannesson vék af fundi að loknum umræðum kl.13:20.

### **3. Samráðsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál, Heimsmarkmið SP og umhverfismál almennt - 1905036SA**

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri í umhverfis- og úrgangsmálum gerði grein fyrir framgangi verkefnisins. Fram kom í máli hennar að 45 sveitarfélög taka nú þátt í verkefninu og eru um 80 tengiliðir skráðir. Búið er að halda tvo tengiliðafundi. Á fyrri fundinum var áhersla á heimsmarkmiðavinnu en á síðari fundinum var umfjöllun um loftslagsmálin. Vinnuhópar hafa einnig tekið til starfa um bæði þessi málefni. Það er þó ákveðinn áherslumunur á þessum verkefnum þar sem búið er að lögfesta að sveitarfélög verði að setja sér loftslagsstefnu meðan vinna við heimsmarkmið er valkvæð.

Fram kom í máli Eygerðar að í umfjöllun í vinnuhópi um loftslagsmál hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að staðla losunarbókhald svo samanburður og samtal sé út frá stöðluðum mælikvörðum. Markmiðið er að sækja um í Loftslagssjóð um fjármagn til þess að styðja við samstarf sveitarfélaga og fleiri aðila við gerð samræmdra staðla við gerð losunarbókhalds.

### **4. Yfirfærsla þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfelling vega af vegaskrá - 1712014SA**

Málið var áður á dagskrá skipulagsmálanefndar í nóvember sl. en í desember samþykkti Alþingi að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis við vegalög um yfirfærslu þjóðvega um eitt ár. Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins gerði grein fyrir samtölum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Vegagerðina og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um úrlausn málsins.

Afstaða sveitarfélaga um yfirfærslu þjóðvega til sveitarfélaga hefur verið skýr um að ríkið þyrfti að semja við hvert sveitarfélag um yfirfærslu þjóðvega og liggja fyrir lögfræðilít um þá niðurstöðu. Vegagerðinni ber að skila vegum í viðunandi ástandi en stofnunin mun ekki endurbyggja þá vegi. Mismunandi sjónarmið eru uppi um hvað telst vera viðunandi ástand. Sambandið er að vinna með SSH að yfirlýsingu við ríkið þar sem settur verður fram farvegur um hvernig ber að vinna þessi mál með tímasetningum, en ljóst er að hvert og eitt sveitarfélög mun þurfa að semja við ríkið á þeim grunni og í samræmi við lögín. Markmið er að yfirfærslu allra skilavega ljúki á þessu ári. Fram hefur komið hjá ráðuneytinu að það sé enginn vilji af þess hálfu eða Vegagerðarinnar að lengja skilatímabilið frekar en nú þegar hefur verið gert, þ.e. til ársloka 2020.

### **5. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 1810076SA**

Sviðsstjóri og sérfræðingar greindu frá vinnu við gerð umsagna um helstu mál í samráðsgátt.

Til umræðu voru 1) drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð, 2) drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, og 3) drög að frumvarpi til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs (EES-innleiðing).

Fyrir fundinum lágu drög að umsögnum um tvö fyrst nefndu frumvörpin, ásamt samantekt úr umsögnum og bókunum frá sveitarfélögum um þau mál þar sem fram kemur sú afstaða að bæði málin þurfi frekari undirbúning áður en tímabært verði að leggja fram tillögur á Alþingi um lagasetningu. Skipulagsmálanefnd tekur í meginatriðum undir þá afstöðu og verður höfð hliðsjón af umfjöllun á fundinum við endanlegan frágang umsagna sambandsins.

Síðast nefnda málið verður til umfjöllunar í verkefnisstjórn um úrgangsmál 17. janúar n.k. og er umsagnarfræstur til 20. janúar. Vinna við umsögn um það frumvarp er langt komin og er ljóst að ákvæði um sérstaka söfnun úrgangs frá heimilum og lögaðilum geta haft mikil áhrif á fyrirkomulag sorphirðu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Ákveðið var að næsti fundur skipulagsmálanefndar verði 25. febrúar kl. 12-14.30. Stefnt er að því að á þeim fundi verði umfjöllun um lagaumhverfi skipulags- og byggingarmála, framvindu vinnu við gerð landsskipulagsstefnu og stefnumótun í ferðaþjónustu, auk fleiri mála.

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Bárður Guðmundsson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Hrafnkell Á. Proppé

---

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir